

Mættir voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarson, Þorvarður Ingimarsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir 3. varamaður var mætt í forföllum Eiríks Kjerúlf.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Ársreikningur Fljótshrepps 2015, síðari umræða

3. Álagning fasteignaskatts á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar

Bréf Landsvirkjunar dags. 06.04 2016

4. Drög að nýrri samþykkt um leyfisgjöld vegna bygginga-, framkvæmda- og stöðuleyfa- og gjalda vegna skipulagsbreytinga

5. Végarður, lóðamál

6. Framkvæmdir á Hengifossvæði 2016

Bréf Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða dags. 07.04 2016

7. Fundarboð aðalfundar Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf

8. Fundarboð aðalfundar ÆSA klasans

9. Fundarboð ársfundar Austurbrúar ses

10. Félagsþjónusta Fljótshreppa

Breytingar á reglum varðandi fjárhagsaðstoð og félagslega liðveislu

11. Bréf

a) Lánasjóður sveitarfélaga ohf dags. 14.04 2016

b) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 31.03 2016

c) Vegagerðin dags. 26.04 2016

d) Austurbrú ses dags. 18.04 2016

12. Fjárbeiðnir

a) ÚÍA/Tour de Ormurinn

b) Foreldrar skíðagarpa á Héraði

13. Fundargerðir

a) HAUST 06.04

b) Upphéraðsklasinn 07.04

c) Samtök orkusveitarfélaga 14.03 , ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2015

14. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Oddviti sat Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík 8. apríl.

Oddviti sat fund sem Byggðastofnun boðaði til á Egilsstöðum 13. apríl sl. Til umræðu var samráðsferli við gerð byggðaaáætlunar 2017-2023 og fleiri byggðatengd mál.

Oddviti sat stöðugreiningarfund sem Rauði krossinn boðaði til á Egilsstöðum 14. apríl.

Veruleg vandræði hafa verið með heimsíðu sveitarfélagsins í aprílmánuði. Síðan datt út og þegar hún var sett upp aftur voru viðvarandi vandræði með að setja inn gögn . Nú virðist síðan komin í lag að mestu leyti og ekki sjáanlegt að gögn hafi tapast.

Innanríkisráðuneytið vekur athygli á framvegis verða reikningar vegna birtinga í Stjórnartíðindum sendir viðkomandi sveitarfélögum frá Fjársýslu ríkisins þ.e. milligöngu Jöfnunarsjóðs hefur verið hætt ,frá og með síðustu áramótum.

Jöfnunarsjóður veitir sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2015-2016. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting á að námið verði metið til eininga í framhaldsskólum.

Vegna framkominnar þingsályktunartillögu um að bann verði sett við notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á leik –og íþróttavöllum, bendir Sambandið sveitarfélögum á að fylgjast með framvindu mála.

Skógrækt ríkisins minnir á að við endurskoðun aðalskipulaga sveitarfélaga þurfi að hafa í huga nýjan landnotkunarflokk vegna skógræktar (SL).

Landmælingar Íslands hafa tilkynnt um endurmælingu grunnstöðvarnets Íslands á árinu 2016.

Hagstofa Íslands vinnur að samræmingu skráninga sveitarfélaga vegna tekna af leik-og grunnskóla (dvalar –og fæðisgjöld).

FÍB býður upp á snjallsímaforrit (app sem heitir HOLA) sem veitir vegfarendum tækifæri með einföldum hætti til að koma upplýsingum um holur á götum og vegum til veghaldara .

Þjóðskrá Íslands hefur hafið undirbúning vegna forsetakosninga 25. júní. Í Fljótsdalshreppi er gert ráð fyrir að kjörstaður verði í Végarði svo sem verið hefur.

Sveitarfélögum sem áhuga hafa á gefst tækifæri til að taka þátt í tilraun til að auka aðgengi að utankjörstaðaatkvæðagreiðslu.

Landsvirkjun hefur sent Fljótsdalshreppi skýrsluna : LV-2016-056 , Útbreiðsla og ástand seiða í Jökulsá á Dal og hliðarám hennar 2015 .

2. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2015, síðari umræða

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings Fljótsdalshrepps 2015, í þús. kr. :

Rekstrartekjur A og B hluta	165.349
Rekstrargjöld A og B hluta	114.966
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	50.383
Afskriftir A og B hluta	29.595,-

Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	20.788
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	4.887
Rekstrarniðurstaða	25.675
Eignir samtals	859.36
Skuldir og skuldbindingar samtals	23.355
Handbært fé í árslok	123.753
Veltufé frá rekstri	55.246

Fljótsdalshreppur uppfyllir skilyrði sem sveitarfélögum eru sett um skuldahlutfall og jákvæða rekstrarafkomu þriggja ára. Fjárhagsleg afkoma ársins 2015 er ágæt, eins og veltufé frá rekstri sýnir og eignastaða sterk. Helstu frávik frá fjárhagsáætlun skýrast af sölu eigna á Hallormsstað, hærrí útsvarsgreiðslum en áætlað var, breytingu á hlutfjárloforði í styrk og breytingum á innri leigu. Meðal framtalinna eigna er vsk krafa vegna byggingar Laugarfells- og Fjallaskarðsskóla, sá vsk á að fást endurgreiddur þegar gengið hefur verið frá stofnun Þjóðlenda á svæðum sem skálarnir eru á og lóðaleigusamningum. Langtímalán að upphæð kr. 8 millj. hvílir á 2 félagslegum íbúðum á Hallormsstað sem Fljótsdalshreppur á hlut í, en á árinu 2015 voru seldar tvær af 2 af 4 félagslegum íbúðum og greidd upp lán er tilheyrðu íbúðum er seldar voru. Rekstri grunn- og leikskóla á Hallormsstað hefur verið hætt og skólahúsnæði, íþróttahús og sundlaug selt. Samningar voru gerðir við Fljótsdalshérað um grunn-leik og tónlistarskólalágnustu fyrir nemendur úr Fljótsdalshreppi.

Eftir umræður um ársreikning og endurskoðunarskýrslu, bar oddviti ársreikninginn upp og var hann samþykktur samhlj. og undirritaður.

Á grundvelli 7 ára reglu um endurskoðun (sami endurskoðandi má aðeins árita ársreikning 7 ár samfleytt) er árið 2015 síðasta ár að sinni, er Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi áritar ársreikning Fljótsdalshrepps og mun annar löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte taka við því hlutverki við gerð næsta ársreiknings.

3. Álagning fasteignaskatts á vatnsréttindi Kárahnjúkavirkjunar

Bréf Landsvirkjunar dags. 06.04 2016. LV óskar eftir að endurákværðaður verði fasteignaskattur vatnsréttinda Kárahnjúkavirkjunar árið 2016. Erindinu er hafnað og hefur verið svarað í samráði við lögfræðing sveitarfélagsins.

4. Drög að nýrri samþykkt um leyfisgjöld vegna bygginga-, framkvæmda- og stöðuleyfa- og gjalda vegna skipulagsbreytinga.

Farið yfir drögin og ræddar ýmsar útfærslur. Gjaldskrármálið verður tekið til afgreiðslu síðar.

5. Végarður, lóðamál. Rædd lóðamál Végarðs, en í gildi er samningur frá árinu 2005.

6. Framkvæmdir á Hengifossvæði 2016

Bréf Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða dags. 07.04 2016. Kynnt, í bréfinu er tilkynnt um höfnun á umsókn Fljótsdalshrepps um styrk úr sjóðnum á árinu 2016. Óskað hefur verið eftir skriflegum rökstuðningi fyrir höfnun umsóknar sveitarfélagsins.

Samþykkt að klára stækkun á plani sem nú er búið að undirbyggja og hefja undirbúning að hönnunarsamkeppni á þjónustuhúsi.

7. Fundarboð aðalfundar Gróðrarstöðvarinnar Barra ehf. Aðalfundurinn verður haldinn 11. maí í húsnæði Barra kl 20.00. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum, ef forföll verði hjá oddvita feli hann, öðrum úr sveitarfélaginu umboð.

8. Fundarboð aðalfundar ÆSA klasans. Fundurinn verður haldinn í Hótel Valaskjálfr 6. maí kl 17.30

9. Fundarboð ársfundar Austurbrúar ses. Fundurinn verður haldinn Hótel Framtíð Djúpvaggi 11. maí kl 15.00. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

10. Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs.

Breytingar á reglum varðandi fjárhagsaðstoð og félagslega liðveislu, kynntar og samþykktar af hálfu Fljótsdalshrepps.

11. Bréf

- a) Lánasjóður sveitarfélaga ohf dags. 14.04 2016. Arðgreiðsla til Fljótsdalshrepps árið 2015, er kr. 141.210-
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 31.03 2016. Kynnt. Varðar hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps leggur áherslu á að starfsstöðvum á landsbyggðinni megi ekki fækka enda er nálægð við íbúa og atvinnulífið forsenda fyrir góðri og lipurri nærþjónustu. Þá er styrking heilbrigðiseftirlits með tilfærslu verkefna frá ríki til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, forsenda hvers konar breytinga á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits.
- c) Vegagerðin dags. 26.04 2016. Staðfesting á móttöku umsóknar Fljótsdalshrepps um fjárveitingu vegna styrkvega 2016. Kynnt.
- d) Austurbrú ses dags. 18.04 2016. Varðar tilnefningar í stjórn, kynnt

12. Fjárbeiðnir.

- a) ÚÍA/Tour de Ormurinn. Samþykkt að styrkja viðburðinn um kr 50.000-
- b) Foreldrar skíðagarpa á Héraði. Hafnað.

Samþykkt að taka á dagskrá síðbúið erindi frá Sóknarnefnd Valþjófsstaðakirkju.

- c) Sóknarnefndin óskar eftir á Fljótsdalshreppur styrki fyrirhuguð kaup á nýju hljóðfæri í Valþjófsstaðakirkju. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 1 millj. Valþjófsstaðakirkja á 50 ára vígsluafmæli á árinu og er fyrirhugað að halda upp á þau tímamót.

13. Fundargerðir

- a) HAUST 06.04. Kynnt.
- b) Upphéraðsklasinn 07.04. Kynnt
- c) Samtök orkusveitarfélaga 14.03, ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2015. Kynnt.

14. Önnur mál.

- a) Oddviti sat námskeið í skjalavörslu á Egilsstöðum, samþykkt að greiða námsskeiðsgjald vegna þess kr. 18.700-

- b) Þjóðskrá hefur gefið út íbúaskrá , miðað við 1.12 2015. Íbúar Fljótsdalshrepps eru þá samkvæmt skráningu 74 og hefur fækkað um 1 frá fyrra ári.
- c) Samþykkt að tilnefna Hallgrím Þórhallsson sem tengilið við leigutaka Fjallaskarðsskála.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Bryndís Tryggvadóttir (sign)